



Styrkleikamót Borðtennisdeildar KR 4. nóvember 2018

Borðtennisdeild KR heldur styrkleikamót sunnudaginn 4. nóvember 2018 í Íþróttahúsi Hagaskóla við Neshaga 3 (miðinngangur). Keppni hefst kl. 10.00.

Keppnisflokkar:

kl. 10:00 2. flokkur karla

kl. 11:00 2. flokkur kvenna

kl. 13:00 1. flokkur karla

kl. 13:00 Meistaraflokkur karla

kl. 15:00 1. flokkur kvenna

kl. 15:00 Meistaraflokkur kvenna

Eingöngu er hægt að skrá sig til keppni í einum flokki.

Fyrirkomulag keppni

Leikið um hvert sæti í flokki ef keppendur eru fleiri en 6. Ef 6 eða færri eru skráðir í flokk verður þó spilað í einum riðli. Ef færri en fjórir eru skráðir í 1. flokk eða meistaraflokk verður leikið saman í meistaraflokki og 1. flokki.

Leikmönnum verður raðað eftir styrkleikastigum þannig að stigahæsti leikmaðurinn leikur við þann stigalægsta í fyrstu umferð, sá næst stigahæsti við þann næst stigalægsta o.s.frv.

Þess vegna verður ekki hægt að bæta við leikmönnum eftir að dregið hefur verið í mótið!

Þrjár unnar lotur þarf til að vinna leik í öllum flokkum. Raðað verður í töflu samkvæmt nýjasta styrkleikalista BTÍ.

Leikið verður á Stiga Expert og Butterfly Centrefold 25 borðum með hvítum Stiga 3ja stjörnu plastkúlum.

Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin í öllum flokkum.

Þátttökugjald: 1.500 krónur ef greitt er á keppnisstað. Ef þátttökugjald er greitt við skráningu eða í síðasta lagi 1. nóvember kl. 20 er veittur afsláttur og er þátttökugjaldið þá 1.000 krónur. Gjaldið greiðist inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR og skal skrifað í

athugasemd fyrir hvaða leikmann er verið að greiða en einnig senda tölvupóst með nafni og kennitölu þáttakanda sem greitt er fyrir á netfangið bordtennisdeildKR@gmail.com.
Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Skráning fer fram á vef Tournament Software

(<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=E195C47B-E3FB-4312-8025-B058140C02EB>) til kl. 20 fimmtudaginn 1. nóvember 2018. Setja skal kennitölu sem „Member ID“. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótstjórnar fyrir kl. 20 fimmtudaginn 1. nóvember 2018. Á vef BTÍ (www.bordtennis.is) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur.

Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!

Dregið verður í Íþróttahúsi Hagaskóla föstudaginn 2. nóvember klukkan 17:00. Eftir að dregið hefur verið í mótið verður ekki bætt við keppendum, nema að um sannanleg mistök mótstjórnar sé að ræða. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, astaurb@gmail.com

Guðrún Gestsdóttir, gsm. 896 4849, ggests@gmail.com

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, magnus.stefansson@gmail.com

Yfirdómari: Hannes Guðrúnarson

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic